

Formannafundur Félags hrossabænda 03.04.2014 á Hótel Sögu

Mætt: Sveinn Steinarsson formaður, Sigbjörn Björnsson varaformaður, Vignir Sigurðsson gjaldkeri, Magnús Jósefsson ritari og formaður í A-Hún., Eysteinn Leifsson meðstjórnandi og Hulda G. Geirsdóttir framkvæmdastjóri sem jafnframt ritar fundargerð.

Frá aðildarfélögum Fhb voru mætt: Birna Hauksdóttir - Vesturland, Elvar Logi Friðriksson – V-Hún., Ólafur Sigurgeirsson – Skagafj., Ómar Ingi Ómarsson – Hornafj., Ríkharður Hafdal – Ey-Þing., Ólafur Þórisson – Suðurland og Jósef Valgarð Þorvaldsson - Austurland.

Dalamenn boðuðu forföll.

Sveinn bauð fundarmenn velkomna og setti fund og gengið var til dagskrár.

Fyrsta mál á dagskrá var **kynning Sigurðar Straumfjörð frá GDLH** á starfsemi gæðingadómarafélagsins.

Hann kynnti starfsemi félagsins og hugmyndir að sóknarfærum í gæðingakeppninni, t.d.

hugmynd um byrjendaflokk fyrir fullorðna í gæðingakeppni. Auka þarf nýliðun í

gæðingakeppninni. Hugsanlega stórt tækifæri í markaðssetningu íslenska hestsins.

Gæðingamót eru um 5-8% móta í samanburði við íþróttamótin í Skandinavíu og Þýskalandi.

Markaðstækifærið er til staðar og þar þurfa hagsmunaaðilar að standa saman.

Nýr vinkill í kennslu og fræðslu, önnur tegund keppnishesta en í sportinu. Hinn viljugi og framsækni íslenski gæðingur. Allir með sama markmið.

Fhb studdi við óformlegt Norðurlandamót í gæðingakeppni í fyrra og fundarmenn voru sammála um að þetta væri jákvætt mál og vilji fundarmanna að fylgja þessu eftir og taka þátt í samstarfi þar um.

Næst greindu formenn frá starfi sinna deilda:

Ríkharður Hafdal frá Ey-Þing: Aðeins hefur fjölgað í félaginu. Starfsemi í nokkuð föstum skorðum, fundir og fræðslustarf. Veita ræktunarverðlaun á svæðinu og eiga hlut í stóðhestinum Gígjari. Deildir innan samtakanna duglegar í stóðhestahaldi. Torfunes ræktunarbú ársins. 292 fél.

Ólafur Sigurgeirsson frá Skagfirðingum: Lítil mæting á aðalfund um daginn sem gefur tilefni til umræðu um tilgang félagsins. Sameiningarumræður í gangi á milli hestamannafélaga á svæðinu og spurning hvernig hrossaræktarsambandið kemur inn í þær pælingar.

Héldu stóðhesta í fyrrasumar og gekk stóðhestahaldið nokkuð vel. Héldu uppskerufögnum og verðlaunuðu góðan árangur. Ytra-Vallholt ræktunarbú ársins.

Ekki næg þátttaka til að halda folaldasýningu. Settu hlutafé í reiðhöllina á Sauðárkróki og koma að sýningunni Tekið til kostanna. 166 fél.

Bæði HEP og HSS höfðu aðgang að starfsmanni en það hefur breyst með tilkomu RML.

Magnús Jósefsson frá A-Hún: Eftir að deildir voru lagðar niður hefur þátttakan í félagsstarfinu minnkað. Stóðhestahald í smáum stíl. Verið í samstarfi við V-Hún með það og gengið vel. Frekar á niðurléið hestamennskan á þeirra félagssvæði, en þó gengur vel að reka reiðhöllina á Blönduósi. Veita verðlaun á búgreinahátíð og bú ársins var Leysingjastaðir. Um 100 félagsmenn.

Birna Hauksdóttir frá Vestlendingum: Deildin heldur ekki stóðhesta. Starfsemin felst aðallega í leiðbeiningastarfi, aðstoð varðandi slátrun, örmerkingar o.fl. 64 fél.

Jósef Valgarð frá Hr.Aust.: Aðeins félagsleg deyfð eftir að deildir voru lagðar niður. Stórt svæði og einhverjar úrsagnir í jaðarbyggðum þar sem félagar telja sig fá minni þjónustu. Verðlauna

bestu kynbótahrossin á aðalfundi. Hafa séð um kynbótasýningarnar og þá núna í samstarfi við RML. Breytingar á félagskerfi til umræðu á komandi aðalfundi. Eiga hesthús í útleigu. Halda folaldasýningu sem hefur verið ágæt þátttaka í. Hafa haldið stóðhesta og gengið nokkuð vel. 77 fél.

Ólafur Þórisson frá Sunnlendingum: HS stendur ekki fyrir stóðhestahaldi, en þeir halda ungfolasýningu og reiðhallarsýninguna Ræktun á hverju vori. Opinn haustfundur með fræðsluivafi, aðalfundur með fyrirlesara sem hefur tekist vel og trekkir að. Voru með starfsmann hjá bún.sambandinu en það breyttist með RML. Hafa virkjað starfsnefndir sem hafa fjallað um t.d. markaðsmál og nú eru áverkar til skoðunar. 490 fél ca.

Ómar Ingi frá Hornfirðingum: Unnið að því að endurvekja deildina, ca. 15-20 fél. Héldu folalda- og tryppasýningu sem tókst vel. Ekki stóðhestahald, en þó líflegt stóðhestahald á svæðinu. Fjórðungsmót haldið með gróða þrátt fyrir samkeppni við annað fjórðungsmót á sama tíma. Verið að skoða með sæðingar á svæðinu í samstarfi við aðila sem eru að taka sæði á Suðurlandi.

Elvar Logi frá V-Hún.: Stóðhestahald í samstarfi við A-Hún. Um 70 fél. og uppgangur í hestamenskunni, mörg hesthús í byggingu. Uppskeruhátíð og mikil gleði. Ræktunarbú ársins var Lækjamót.

Því næst ræddi Sveinn nýafstaðna **fundarferð formanns** og varpaði því fram hvort skoða ætti nýtt fyrirkomulag á henni þar sem mæting hefur ekki verið mjög góð á þessa fundi.

Ættu fundir kannski að vera fyrir stærri svæði og meira í átt við málþing, einn fund í hverjum fjórðungi og kannski frekar á haustin, fyrir aðalfund?

Málið rætt og skoðanir skiptar um fyrirkomulagið. Stjórn falið að vinna málið áfram í samvinnu við deildirnar.

Kynbótasýningar framundan. Sveinn kynnti nokkur atriði sem fram komu á samræmingarnámskeiði kynbótadómara.

Sprettfæri stytt í 150m úr 200m

Áhugaverð kynning Þorvaldar á tengingu byggingar (mála) og hæfileika.

Dómasamanburður á milli landa ræddur, en Heimir Gunnarsson hefur verið að gera samanburðarrannsókn á milli dóma í mismunandi löndum. Niðurstaðan er að það er marktækur munur á milli sýninga og þýskar sýningar greinilega hærri.

Ólafur S. ræddi um niðurstöður rannsókna og tölfræðisamantektar um notkun stanga með tunguboga og áhrif þeirra á áverka. Hafa þessar niðurstöður ekki áhrif og skapa skekkju í kynbótamatinu? Niðurstöður sýna engin knapaáhrif, heldur að það sé búnaðurinn sem skapar áverkana.

Mikil umræða um þessar niðurstöður. Sveinn sagði að fara þurfi fram umræða á meðal hestamanna og kynning á þessum niðurstöðum. Tölfræðin talar sínu máli. Sveinn sagði niðurstöðurnar alvarlegar og þær beri að taka alvarlega. Er þessi búnaður er svo slæmur að það ætti bara að banna hann alveg úr hestamenskunni? Sveinn las bókun sem fagrað gerði varðandi málið og sagði málið til umræðu hjá hagsmunaaðilum.

Sigbjörn talaði um hóflengdina og rannsókn þar á og niðurstöður sem sýna hátt hlutfall áverka við mikla hóflengd. Brugðist verður við strax hjá FEIF með því að minnka mestu hóflengd um 5mm.

Hulda og Sveinn kynntu **helstu verkefni** sem unnið er að hjá Fhb þessa dagana. Haldinn hefur verið einn vinnufundur með tölvudeild BÍ vegna hugsanlegs söluvefs í tengslum við WorldFeng.

Vinnuhópi Fhb falið að fylgja málinu eftir og útbúa kröfulýsingu.

Hulda sagði fá bókarhandriti sem Fhb hefur áhuga á að koma að útgáfu á. Um er að ræða myndskreytta bók um hesta og hestamennsku, ætluð börnum og unglingum. Verið er að skoða hugsanlegt samstarf við LH um útgáfuna. Stjórn og starfsmaður sinna málinu áfram.

Vel gekk við kynningarstörf á WorldTölt í Danmörku í febrúar og er verið að skoða frekari þátttöku í viðburðum erlendis þar með hinni þekktu Equitana sýningu í Þýskalandi á næsta ári. Enn er óljóst með Hestatorg á LM í sumar, en verið er að vinna í málinu. Sitthvað fleira nefnt sem unnið er að á vegum félagsins.

Önnur mál

Ómar Ingi spurði um hvort ekki væri hægt að fá afslátt af sýningargjöldum ef menn væru félagar í Fhb. Hulda svaraði því til að þetta hefði oft verið skoðað en því miður væru ýmsir praktískir annmarkar á því að halda utan um slíkt afsláttarkerfi.

Ólafur S. velti upp raunkostnaði kynbótasýninga og spurði hvort 30 hrossa lágmark á sýningu væri nóg? Þarf ekki að endurhugsa þetta og skipuleggja sýningahaldið með meiri hagkvæmni í huga, nefndi sem dæmi að boðið væri upp á sjö sýningarstaði á Norðurlandi.

Elvar Logi spurði um nýtingu Stofnverndarsjóðs og Hulda greindi frá úthlutunarreglum sjóðsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.

HGG/hgg